

Geðhjálp með ákall til ráðherra

Geðhjálp sendi í dag bréf til Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra og Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra með ákalli um aukinn stuðning og ráðgjöf við aðstandendur geðsjúkra. Geðhjálp vill að ráðherrarnir tryggi framgang viðeigandi úrbóta innan ráðuneytanna.

Geðhjálp efndi á dögnum til málþings um upplifun, reynslu og lærdóm aðstandenda geðsjúkra undir yfirskriftinni Öðruvísi líf. Félagið segir að málþingið hafi leitt í ljós brýna þörf á auknum stuðningi og ráðgjöf við aðstandendur.

Nokkur tiltekin atriði eru talin brýnust. Að stuðla að aukinni nærgætni fagfólks gagnvart aðstandendum. Að efla eftirfylgni og samfellu í þjónustu við notendur. Að tryggja stuðning við aðstandendur allt frá upphafi. Að gera foreldrum veikra barna kleift að sinna þeim og systkinum þeirra. Að veita börnum veikra foreldra skipulagðan stuðning og aðstoð og að tryggja að notendur geðheilbrigðisþjónustunnar verði ekki fyrir valdbeitingu. Í bréfinu beinir Geðhjálp því til ráðherranna að tryggja framgang þessara úrbóta innan velferðarráðuneytisins.

<http://www.ruv.is/frett/gedhjalp-med-akall-til-radherra>